

stjórnin og önnur ríki, sem hafa verzlunarfulltrúa á Íslandi, bjóði þeim, að borga hlutaðeiganda amtmanni á 4—6 mánaða fresti það, sem kostnaður við skipaströnd samkvæmt þeim reikningi, sem sýslumaður semur og amtmaður úrskurðar, er meiri en virði þess, sem bjargað verður.

1871.

14. septbr.

85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um reikninga frá landfógeta.

14. septbr.

Þar sem landfógeti til þessa hefir samið og sent hingað reikninga með skilríkjum fyrir hvert ár frá 1. apríl til 31. marz um það, sem borgað hefir verið úr jarðabókarsjóði Íslands:

1. Þann hluta af ríkisskuldunum, sem leiga er goldin af og borgað er af á Íslandi,

2. eptirlaun fyrir hönd ríkissjóðsins,

3. eptirlaun fyrir hinn almenna ekkjusjóð,

4. eptirlaun fyrir lífsfjár- og framfærslustofnunina,

5. styrktarfé úr sjóði dannebrogsmanna, og

6. styrktarfé af hinni fyrverandi stjórnardeild fyrir aukagjöfum konungs,

mælumst vèr til, eptir tilmælum fjárhagsstjórnarinnar, að þèr, herra kansellíråd, eptirleiðis búid til þessa reikninga fyrir hvert missiri frá 1. apríl til 30. septbr. og frá 1. oktbr. til 31. marz, og sendið þá hingað, og skal þetta gjört fyrsta skipti fyrir það missiri, sem er á enda 30. p. m.

verzlunarfulltrúum sínum á Íslandi fyrir, að endurgjalda bjargkostnað að því leyti, sem hann nemur meiru, en þess virði, sem bjargazt hefir.